



Erindisbréf starfshóps um breytingar á ytri umgjörð leikskólanna á Höfn

Heiti starfshóps:

Starfshópur um ytri umgjörð leikskólanna á Höfn

Ábyrgðarmaður:

Fræðslustjóri

Hlutverk:

- Starfshópurinn er fræðslu- og tómstundanevnd, bæjarráði og bæjarstjórn til ráðgjafar um framgang sameiningar leikskólanna í eitt hús.
- Vinnur eftir aðgerðaráætlun um breytingar á ytri umgjörð leikskóla á Höfn.
- Tryggir þátttöku starfsmanna, foreldra og barna við undirbúning og framkvæmd sameiningar.
- Tryggir að ákvæði laga og reglna séu uppfyllt.

Helstu verkefni:

- Greina þörf fyrir fræðslu og ráðgjöf
- Fara yfir teikningar og koma með ábendingar um hönnun leikskólabyggingar
- Miðla upplýsingum til starfsmanna, foreldra, fræðslu- og tómstundanevndar og annarra sem málið varða
- Meta sameiningarferlið reglulega

Starfsrammi:

- Starfshópurinn hefur ekki fjárhagslega og/eða stjórnunarlega ábyrgð.
- Starfshópurinn heldur fundi eftir því sem þörf krefur.
 - Starfshópurinn skal halda gerðarbók. Um fundarsköp og fundarritun fer eftir samþykkt Sveitarfélagsins Hornafjarðar og um fundarsköp bæjarstjórnar og eftir því sem við á.
- Fundargerðir starfshópsins skal leggja fyrir fræðslu- og tómstundanevnd til umfjöllunar.
- Formaður starfshópsins er í forsvari fyrir hópinn um verkefni og úrlausnir sem hópinn vinnur að hverju sinni.

Fulltrúar í starfshópi:

Bæjarráð skipar eftirfarandi fulltrúa í starfshópinn og tilnefnir formann hans.

Tveir fulltrúar foreldra, formenn foreldraráðs hvors leikskóla

Tveir fulltrúar starfsmanna, verða kosnir á starfsmannafundi hvors leikskóla

Leikskólastjórar leikskólans Krakkakots og Lönguhóla

Einn fulltrúi frá hverju framboði í bæjarstjórn

Samtals níu fulltrúar

Ráðinn verði ráðgjafi með reynslu af því að leiða samstarf, skapa heildarsýn og byggja upp starfsmannaheild.

**Formaður starfshóps:**

Formaður starfshópsins er í forsvari fyrir hópinn um verkefni og úrlausnir sem hópinn vinnur að hverju sinni.

Starfsmaður:

Fræðslustjóri er starfsmaður hópsins, boðar til fundar í samráði við formann og undirbýr fundi.

Þóknun:

Þóknun fyrir setu í starfshópnum greiðist samkvæmt reglum Sveitarfélagsins Hornafjarðar um þóknunir fyrir nefndarstörf.

Starfstímabil:

Október 2015 – 1. júlí 2017

Erindisbréf þetta var samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann 1. október 2015.

Björn Ingi Jónsson
Bæjarstjóri